



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 3. október 2024

USK24090155

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 3.10.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Arnarnesvegur 3. áfangi - Breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. september 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. september 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegar áfanga 3, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Stór vistlok eru sett fram í áætlunum, en tekið fram að um sé að ræða frátekið land og því er ólíklegt að slík lok yfir Arnarnesveginn verði nokkurn tíma að veruleika. Það var því miður ljóst frá upphafi að það að teikna vistlok yfir veginn til að fegra deiliskipulagið, var í raun ekkert annað en yfirvöld að slá ryki í augu íbúa. Slíkan blekkingarleik á ekki að líða. Yfirvöld vissu vel að ekkert fjármagn var til fyrir þessi vistlok og að þau yrðu líklega aldrei framkvæmd. Kostnaðurinn við að byggja þau síðar er án efa margfalt hærrí en ef þau væru unnin samhliða vegagerðinni. Ekki var tekið neitt mark á umsögnum íbúa varðandi lagningu 3. áfanga Arnarnesvegar, sem sýnir enn og aftur að samráðsferlið við íbúa er ekkert annað en sýndarlýðræði.

Helga Björk Laxdal  
e.u.



**Reykjavík**